



2. bekkur

2023- 2024

Handbók/námsáætlun



Flataskóli

Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	4
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	4
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Skipulag kennslunnar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	5
Náms og skemmtiferðir.....	5
Vinabekkir.....	5
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	5
Samskipti kennara við foreldra.....	5
Heimanám	6
Skólasókn og viðbrögð.....	6
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	7
Námsáætlun skólaársins.....	7
Hæfnimiðað nám.....	7
Námsmat	7
Námsáætlun	8

Sýn Flataskóla

“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa. “

Áhersla á S-in fimm **seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd** eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Sif H. Bachmann	umsjónarkennari
Svanhvít Guðbjartsdóttir	umsjónarkennari
Atli Jóhannesson	íþróttir
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttir og sund
Kristín Sigurðardóttir Hagalín	sérkennari
Linda Þorvaldsdóttir	myndmennt
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	sérkennari
Rut Ingólfssdóttir Blurton	smíðar

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Við viljum skapa andrúmsloft í kennslustofunni sem einkennist af trausti, að allir geti notið sín. Að jákvæðni, virðing, traust og öryggi ríki milli nemenda og kennara og nemenda innbyrðis. Þannig skapast svigrúm fyrir nemendur að læra af mistökum á uppbyggjandi hátt og eykur sjálfstraust þeirra og ýtir undir jákvæða sjálfsmynd.

Til að vinna að þessum markmiðum teljum við mikilvægt að hrósa vinnu nemenda á jákvæðan hátt. Ýta undir umræður og vangaveltur bæði um námsefnið og samskipti og hvetja þau til að finna lausnir og koma hugsunum sínum í orð.

Nemendur læri að bera ábyrgð á eigin gjörðum í leik og starfi með samræðum í heimastofu og með hlutverkaleik.

Leikur er eðlileg námsleið ungra barna og viljum við því efla leikinn í náminu og ýta undir að leikgleði ríki í öllu starfi.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Menntun, árangur, ánægja

Menntun: Við sköpum andrúmsloft þar sem ríkir jákvæðni og traust á milli nemenda og starfsfólks þannig að nemendur hafi tækifæri til menntunar og að eflast í leik og starfi með markvissum hætti. Við stuðlum að hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms þar sem nemendur geta haft áhrif á eigið nám t.d. með reglulegum stofufundum, opnum umræðum um námsefni og samræðum sem byggja á trausti og virðingu.

Árangur: Litið er á mistök sem hluta af námsferlinu og að nemendur geti beðið um aðstoð þegar þeir þarfnast hennar án þess að þeim finnist þeim hafa mistekist. Allt þetta teljum við vera farsælar leiðir til náms og betri árangurs.

Ánægja er forsenda þess að nemendur nái árangri og upplifi að þeir hafi stjórn á námi sínu. Til að ná því markmiði þarf námið að vera áhugavert og merkingabært og að nemendur upplifi að þeir geti haft áhrif. Það ýtir undir sterkari sjálfsmynd þeirra og trú á eigin getu.

Lýsing á starfinu í árganginum

Skipulag kennslunnar

Teymiskennsla verður í 2. bekk í vetur. Unnið verður með árganginn sem eina heild eins og á síðasta skólaári. Honum skipt upp á 6 - 7 vikna fresti í allan vetur. Markmið vetrarins er að allir nemendur 2. bekkjar geri sér grein fyrir þeim hæfniviðmiðum sem ætlast er til að þau uppfylli í hverju verkefni sem unnið er með. Gefin verður markviss endurgjöf sem beinir athyglinni fram á við og hjálpar nemendum að komast áfram. Sessunautar hjálpast að í einstökum verkefnum, ræða saman og skipuleggja, námsfélagar. Öðru hvoru munu nemendur gera sjálfsmat í lok kennslustundar.

Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan starfsanda þar sem öllum líður vel og gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð og tillitssemi ríkir.

Í heimakrók fara fram umræður og innlagnir daglega. Nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og hafa áhrif. Við leggjum áherslu á skapandi vinnu í tengslum við íslensku og stærðfræði. Unnið verður í litlum hópum í ýmsum verkefnum sem tengjast íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði. Í samþættingu íslensku, samfélags- og náttúrugreina verður lögð áhersla á lestur, skrift, sköpun, útikennslu, upplýsingatækni og samvinnu.

Stofufundir verða haldnir vikulega eða oftár ef þörf þykir. Tilgangur fundanna er að skapa jákvæðan bekkjarandi, gefa börnunum tækifæri að tjá sig og ræða ýmis mál sem koma upp í daglegu lífi, leita lausna og hlusta á aðra. Skólaárinu verður skipt upp í nokkrar námslotur þar sem unnið er með ákveðið þema hverju sinni. Allar námsgreinar munu fléttast inn í viðfangsefni lotunnar.

Helstu viðfangsefni nemenda

Neðangreind viðfangsefni eru samþætt í öllu námi og styðja þannig hvert annað:

Íslenska: Markviss málörvun, auðga orðaforða, talað mál, framsögn.

Ritun: Orð og málsgreinar. Skapandi skrif (sögugerð og tjáning)

Lestur: Áframhaldandi þjálfun lesfærni. Þjálfun lesskilning.

Skrift: Að draga rétt til stafs og þjálfun læsilega rithönd.

Stærðfræði: Talnaskilningur, tölur frá 0 – 100. Samlagning, frádráttur, mælingar, form og tími.

Náttúrufræði: Íslensku húsdýrin. Mannlíkaminn. Fjöllin.

Samfélagsfræði: Nærumhverfi mitt, bærinn minn og stofnanir hans.

Upplýsinga- og tæknimennt: Námsforrit, forritun, fingrasetning, netöryggi.

Enska: Litir, dagar, tölur 0 – 10, líkaminn og fjölskyldan.

Náms og skemmtiferðir

Ferð með vinaárgangi á Víðistaðatún.

Bókasafn Garðabæjar.

Hönnunarsafn Garðabæjar.

Göngu- og kynnisferðir um Garðabæ í tengslum við þemaverkefni „Garðabær, bærinn okkar.“

Jólaferð í Hellisgerði í Hafnarfirði.

Skíðaferð í Bláfjöll.

Vorferð.

Vinabekkir

Vinabekkir 2. bekkjar eru 1. bekkur og 5. bekkur. Markmið vinabekkjanna er að hittast nokkrum sinnum yfir skólaárið, ýmist innan- eða utandyra til að mynda jákvæð tengsl, skemmta sér saman og læra hvert af öðru.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Nemendur í 2. bekk eru 29 talsins, 16 drengir og 13 stúlkur.

Samskipti kennara við foreldra

Nám, velferð og vellíðan nemenda er sameiginlegt hlutverk foreldra og skóla og því mikilvægt að samskipti séu opin og upplýsandi.

Umsjónarkennarar senda vikulegan póst í gegnum Mentor með stuttum upplýsingum um það helsta sem gert var í vikunni sem leið. Einnig er mikilvægum skilaboðum komið á framfæri.

Samtalsdagar eru tveir yfir skólaárið, sá fyrri í október og sá síðari í lok janúar. Þá er nemendum og forráðamönnum boðið að koma einslega til samtals við umsjónarkennara.

Þar fyrir utan er mikilvægt að samskipti milli heimilis og skóla séu greið og að mál sem upp kunna að koma verði leyst fljótt og vel í sameiningu, hvort sem er með tölvupósti, símölum eða fundum.

Ekki er hægt að vænta þess að tölvupóstum verði svarað fyrr en eftir að kennslu lýkur á daginn. Símtölum verður ekki svarað eftir að kennsla hefst og því nauðsynlegt að koma skilaboðum til kennara í gegnum ritara ef málið þolir ekki bið.

Heimanám

Markviss þjálfun bæði heima og í skóla er undirstaða þess að nemendur nái tókum á lesfærni og lesskilningi. Það er því mikilvægt að heimalestri sé sinnt af alúð. Þess er vænst að nemendur lesi heima með fullorðnum í 10 – 15 mínútur, 5 – 7 sinnum í viku. Forráðamenn skrá lesturinn í heimalestrarhefti. Í heftinu eru einnig nokkur verkefni og þrautir sem tengjast ritun og stærðfræði sem nemendur vinna vikulega. Ef nemendur og forráðamenn óska eftir meira efni til að æfa heima munum við verð við þeirri beiðni.

Skólasókn og viðbrögð

Garðabær hefur sett fram ferla vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda, sjá mynd hér fyrir neðan. Þetta eru þeir ferlar sem við fylgjum í Flataskóla.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabajar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaförðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabajar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

GARÐABÆR

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (Parna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiðuðu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er inni í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til “námslotur” í Mentor sem ná yfir tiltekin tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu.

[Hér er að finna nánari útskýringar á námsmati skólans og hvernig það er uppbyggt, unnið er mað það og það er birt.](#)

Námsáætlun

Íslenska		
Talað mál og hlustun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	Framburður.	
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	Munnleg tjáning. Atburður - endursögn.	Þjálfist í að segja frá daglegum atburðum í lífi sínu og að endursegja efni sem hlustað eða horft var á.
Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	Einbeiting og athygli við hlustun eða áhorf.	Þjálfist í virkri hlustun eða áhorfi.
Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Bera virðingu fyrir hvert öðru í samskiptum.	Æfist í góðum samskiptum og fá leiðsögn þegar þess þarf.

Lestur og bókmenntir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.	Lestrarþjálfun.	Læri að þekkja stafina og umskráningu hljóða og læri að tengja hljóðin saman.
Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	Lestur og val á bókum eftir áhugasviði.	Reglulegar heimsóknir á skólabókasafnið.

Ritun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	Skrifa rétt og skýrt.	Læri réttan stafdrátt, bæði með því að spora staf og skrifa þá sjálf.
Samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Semja eigin texta.	Þjálfist í að skrifa fjölbreytta texta og nýta eigið ímyndunarafli.

Málfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.	Munnleg og rituð tjáning.	Þjálfist í að segja frá bæði munnlega og skriflega.
Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	Efla hljóðkerfis- og málvitund.	Æfist í að hlusta og greina bókstafi, hljóð og orð.

Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.	Vinna með orð.	Æfist í rími, orðarunum, orðaleikjum og merkingu orða.
Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess í leit og skipulagi.	Stafrófið.	Þjálfun í að raða bókstöfum í stafrófsröð.
Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins s.s. margræðni orða og fundið kyn og tölu.	Hugtaka- og orðaskilningur, kyn og tala.	Leikur að orðum.

Stærðfræði		
Að geta spurt og svarað með stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.	Samræður um stærðfræði.	Taka þátt í skipulögðum umræðum um þætti stærðfræðinnar sem unnið er með hverju sinni.
Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.	Stærðfræðiþrautir.	Unnið með fjölbreytt verkefni í litlum hópum þar sem leitað er að lausnum með samræðum, hlutbundnum gögnum og teikningum.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Tölfræði og myndmál stærðfræðinnar.	Gagnasöfnun, flokkum, skráning innan sem utandyra.
Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.	Stærðfræðitákn og tengsl þeirra við daglegt líf.	Stærðfræðispjall. Þjálfist í að leggja saman og draga frá á hlutbundinn hátt.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því meðal annars að nota hlutbundin gögn og teikningar.	Fjölbreyttar lausnaleiðir. Notkun hlutbundinna gagna.	Æfist í að nota hlutbundin gögn t.d. talnagrindur, kubba, teikningar, talningastrik við þrautalausnir og talningu.
Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.	Samvinna í lausnaleit. Byggt á hugmyndum nemenda.	Vinna tvö og tvö saman við lausnaleiðir stærðfræðiþrauta.

Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga.	Lausnaleit. Daglegt líf. Verðgildi peninga.	Vinna með peninga og læra hvaða merkingu þeir hafa. Nýtum kennslupeninga eða teikningar nemenda til að skilja tölur og gildi peninganna.
---	---	--

Tölur og reikningur		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Notað tugakerfisrithátt.	Tugakerfisritháttur.	Þjálfist í tug og einingu á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt og með stærðfæðiumræðum.
Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Hlutbundinn og óhlutbundinn reikningar.	Æfist að leggja saman og draga frá tölur upp í tuttugu bæði á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

Algebra		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.	Mynstur.	Þjálfist í að skoða mynstur og velta fyrir sér framhaldi á bæði hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

Rúmfræði og mælingar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nota hugtök og rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.	Rúmfræðihugtök og notkun þeirra. Umræður um stærðir, fyrirbrigði og staðsetningu. Form.	Skoða form í umhverfi inni og úti. Ræðum mismunandi stærðir og staðsetningu forma.
Unnið með mælikvarða og lögun.	Mælikvarðar.	Mælingar: lengd, þyngd, magn og tími.
Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.	Speglun.	Speglun á margskonar myndum og formum.

Tölfræði og líkindi		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.	Talning, flokkun, skráning og lestur. Myndrit.	Lesið úr gögnum og setja niðurstöðurnar upp á einfaldan og myndrænan hátt.

Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.	Tölfræði, rökhugsun.	Rökræður og skoðanaskipti.
--	----------------------	----------------------------

Enska		
Hlustun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Söngvar, samræður og myndefni.	Horfa á myndbönd og myndaspjöld.
Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Árstíðir, mánuðir, dagar. Tölur frá 0 – 10. Líkaminn. Fjölskyldan	Hlustun, söngtextar, samtöl, leikir, leikjaforrit.

Samskipti		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Samskiptaleikir.	Vinna saman í þörum eftir ákveðnum fyrirmælum. Hlustað, sungið, samtöl og leikir

Náttúrufræði		
Geta til aðgerða		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	Nærumhverfi.	Útikennsla, gönguferðir og athuganir.
Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.	Samfélag og nærumhverfi.	Vettvangsferðir, tjáning.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.	Maður og náttúra.	Umræður og einföld verkefni.

Vinnubrögð og færni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá og framkvæmt með hversdaglegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.	Rannsóknarvinna.	Vettvangsferðir og athuganir í nærumhverfi.
Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Rannsóknarvinna.	Vettvangsferðir og athuganir í nærumhverfi.
Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.	Veðurfar, skordýr og gróður.	Gera daglegar athuganir á hitastigi og skrá niður, skoða smádýr og gróður með lófasmásjá, taka myndir með lpad.
Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.	Samskiptafærni.	Spjallfélagar. Þjálfun í að hlusta, taka tillit til annarra og mismunandi skoðana.

Ábyrgð á umhverfinu		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.	Umburðarlyndi og umhyggja.	Þjálfist í að sýna hvert öðru og umhverfi sínu virðingu.
Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Nærumhverfi.	Eflist í gagnrýnni hugsun.

Að búa á jörðinni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Fylgst með og skrá upplýsingar um veður í heimabyggð.	Veðurfar.	Veðurfar skoðað daglega.

Lífsskilyrði manna		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.	Hreyfing, hreinlæti, svefn og holl fæða.	Samræður.

Náttúra Íslands		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.	Munnleg tjáning. Lífverur í nærumhverfi.	Gönguferðir og rannsóknir í nærumhverfi. Umræður.

Heilbrigði umhverfisins		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Flokkað úrgang	Flokkun úrgangs.	Kynning og flokkun úrgangs í skólastofu.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.	Tækni. Munnleg tjáning.	Umræður um uppfinningar og framfarir í tækni.

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.	Nærumhverfi. Umhyggja.	Skoða nærumhverfi sitt – gönguferðir. Umræður um náttúru og mikilvægi hennar. Spjallfélagar.
Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.	Samfélag barnsins.	Umræður um mikilvægi þess að tilheyra mismunandi hópum.
Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.	Hættur á heimili og nærumhverfi.	Gönguferðir um nærumhverfi og umræður um hættur.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.	Munnleg tjáning – fjölskylda og heimili.	Frásögn, umræður og spjallfélagar.
Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum s.s. gleði, sorg og reiði.	Tilfinningar. Munnleg tjáning.	Frásögn, umræður og spjallfélagar.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.	Samræður um samfélagsmál. Samstarf nemenda.	Spjallfélagar og umræður.
Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannlífsins.	Umræður og spjallfélagar.
Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.	Þekki Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.	Kynning á Barnasáttmálanum.
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Samskipta- og samvinnufærni.	Umræður og hlutverkaleikir.

Upplýsinga – og tæknimennt		
Vinnulag og vinnubrögð		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.	Rafrænt námsefni.	Læri að vinna í smáforritum og æfist í umgengni við spjaldtölvur.
Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	Einföld verkefni.	Kennsluforrit.

Lykilhæfni er fléttuð inn í allar námsgreinar og verkefni sem unnið er með.

Lykilhæfni		
Tjáning og miðlun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.	Tjáning.	Frásögn, munnleg og skrifleg verkefni. Stofufundir
Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.	Hlustun og umræður.	Samvinnuverkefni, stofufundur, leikir.

Skapandi og gagnrýnin hugsun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum.	Lausnaleit, gagnrýnin hugsun, þrautseigja og vaxandi hugarfar.	Fjölbreytt verkefni, rökræður, endurtekningar, tilraunir, prófanir.

Sjálfstæði og samvinna		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.	Sjálfsbjörg / sjálfstæði / ábyrgð.	Val á verkefnum, markmiðasetning, tímastjórnun.
Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.	Virk þátttaka, samvinna, félagsfærni.	Fjölbreyttir samvinnuleikir og verkefni, allir gegna hlutverki.
Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.	Virk þátttaka.	Samræður og hvatning í leik og starfi.
Sett sér með aðstoð markmið í námi.	Markmiðssetning.	Skýr fyrirmæli, tilgangur og markmið verkefna ljós.

Ábyrgð og mat á eigin námi		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi.	Styrkleikar í námi.	Sjálfsmat í lok kennslustundar og umræður.